

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1730  
komudagur 21. 4. 2006



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2006

**Umsögn um: Frumvarp til laga um breytingu á alm.hgl, oml og fjarskiptalögum, 619. mál**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa starfrækt verkefnið „Stöðvum barnaklám á Netinu“ síðan í apríl 2001. Kjarni verkefnisins er rekstur Ábendingalínu þar sem almenningur getur sent inn ábendingar ef hann verður var við ólöglegt efni á Netinu. Ábendingalínan er í virku samstarfi við Ríkislögregluna, Lögregluna í Reykjavík, Félag netþjónustuaðila á Íslandi, OgVodafone og Símann og er í öflugum samstarfi við Alþjóðasamtölin INHOPE sem berjast gegn ólöglegu efni á Netinu.

Eftir því sem Netið verður öflugra, aukast möguleikar barnaníðinga á því að stunda þar iðju sína óheftir og því er nauðsynlegt að tekið sé höndum saman og fundin leið til að sporna gegn þeim vanda sem af tölvuglæpum getur hlotist.

Það er nokkuð ljóst að eins og íslensk lagaákvæði eru orðuð í dag veita þau ekki nógu góða vernd gegn barnaklámi á Netinu og því fagna samtökin mjög frumvarpi til lagabreytinga á þessu sviði.

Samtökin taka einnig þingsályktunartillögu um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um tölvubrot (e. Convention on Cybercrime) fagnandi en hann er þýðingarmikið vopn gegn þeim vanda sem barnklám á Netinu er orðinn.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja að samþykkt frumvarpsins yrði stórt skref í rétta átt en ef lögin eiga að veita fullnægjandi vernd gegn barnaklámi á Netinu, eins og þau ættu að gera, þarf að taka tillit til eftirfarandi athugasemda:

### **1. Einstaklingar sem líta út fyrir að vera ólögráða barn og raunsannar myndir**

Samtökin eru ósátt við það að samningsmenn frumvarpsins hafa ákveðið að nýta sér ákvæði b- og c-liðar 2. mgr. 9. gr. samnings Evrópuráðsins um tölvubrot.

Þó svo að börn séu almennt ekki þátttakendur (og því ekki eiginlegir brotþolar) í klámefni sem sýnir einstakling, sem lítur út fyrir að vera ólögráða barn, í kynferðislegum athöfnum (e. a person appearing to be a minor engaged in sexually explicit conduct) og á raunsönnum myndum sem tákna ólögráða barn í kynferðislegum athöfnum (realistic images representing a minor engaged in sexually explicit conduct), er slíkt klámefni tilvísun í barnklám og til þess fallið að ýta undir kynferðislegar hneigðir til barna sem geta svo aftur valdið því að barn verði fórnarlamb kynferðislegrar misnotkunar.

Í vissum tilvikum geta börn verið eiginlegir brotáþolar við gerð raunsanna mynda. Þegar mynd af höfði barns er til dæmis skeytt saman við fullorðinn líkama í kynferðislegum athöfnum, þá er það barn, eiginlegur brotáþoli.

Ef lögin eiga að veita fullnægjandi vernd gegn barnaklámi, þá verður að rýmka hugtakið barnaklám með þeim hætti sem b- og c-liður 2. mgr. 9. gr. samningsins greinir.

## **2. „aflar sér eða öðrum“ þarf einnig að bætast við 2. másl. 4. mgr. 210. gr. alm. hgl.**

Samtökin telja að 2. másl. 4. mgr. laganna ætti að orðast svo: Sömu refsingu varðar að flytja inn, afla sér eða öðrum, eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

## **3. Skilgreina þarf nokkur hugtök í greinargerðinni betur.<sup>1</sup>**

• „t.d. vistaðar á hörðum diskum í tölvu eða á geisladiskum“ í greinargerð með 4. mgr. 210. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Í 4. mgr. 210. gr. er talað um ljósmyndir, kvikmyndir eða „sambærilega hluti“. Í greinargerð með frumvarpinu segir svo að skilja verði hið tilvitnaða orðalag á þá leið að innan verknaðarlýsingar ákvæðisins falli myndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt sem fluttar eru í gegnum tölvukerfi eða eru í vörslum geranda með því að vera *t.d. vistaðar á hörðum diskum í tölvu eða á geisladiskum*.

Samtökin leggja til að í stað orðalagsins „með því að vera t.d. vistaðar á hörðum diskum í tölvu eða á geisladiskum“ verði notað orðalagið „með því að vera geymd á rafrænu formi/ á rafrænan hátt“. Með því orðalagi væri verið að taka yfir alla þá möguleika sem hægt er að varðveita slíkar myndir á. Minniskubbar, símar, tölvudisklingar og fleira gætu fallið undir núverandi orðalag frumvarpsins þar sem „til dæmis“ kemur þar fyrir en samtökin telja að einfaldara væri að nota það orðalag sem þau leggja til – þá væri öll upptalning óþörf.

• Hlerun í greinargerð með 6. gr. frv. til l. um breytingu á lögum um fjarskipti o.fl.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það eigi ekki að binda skyldu þess sem rekur fjarskiptáþjónustu eða fjarskiptanet til að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls við varðveislu gagna, heldur verði þetta almennt og taki því einnig til annarra rannsóknarræða, þar á meðal *hlerunar*.

Samtökin vilja spyrja hvað er átt við með *hlerun* í þessu tilviki? Er einungis átt við samtal eða öll samskipti, þar með talið samskipti milli IP-talna? Samtökin telja að þetta þurfi að skýra betur.

<sup>1</sup> Samtökin gera sér grein fyrir því að ekki er unnt að breyta texta í greinargerð með frumvarpinu eftir að mál hefur verið lagt fram á Alþingi og að sá texti mun ekki koma til með að hafa lagagildi. En þar sem hann kemur til með að vera til skýringar telja samtökin að taka verði tillit til þessara athugasemda.

- Íslensk þýðing a-liðs 2. mgr. 9. gr. samningsins

Samtökin setja spurningamerki við íslenska þýðingu a-liðs 2. mgr. 9. gr. samnings Evrópuráðsins um tölvubrot – ólöggráða barn sem *hefur uppi háttsemi* sem er greinilega kynferðisleg. (e. a minor engaged in sexually explicit conduct) Hvað er átt við með „*hefur uppi háttsemi*“? Þetta orðalag má skilja sem svo að þátttaka barnsins á myndinni sé sjálfviljug, þ.e að barnið sé viljugur gerandi. Samtökin telja að heppilegra orðalag væri: ólöggráða barn sem sýnt er í kynferðislegri og klámfenginni hegðun, eða: ólöggráða barn sem tengist kynferðislegri og klámfenginni hegðun.

### 3. Setja þarf lágmarksrefsingu við barnaklámsbrotum

Refsingar við barnaklámsbrotum eru í aðalatriðum sambærilegar á Norðurlöndunum en Svíþjóð sker sig þó úr þegar um stórfellt barnaklámsbrot er að ræða því þeir hafa lágmarksrefsingu sem er 6 mánaða fangelsi en getur orðið allt að 4 ára fangelsi. Hér með er það lagt til að sett verði í 4. mgr. 210. gr. hgl. sams konar lágmarksrefsing við slíkum brotum.

### 4. Hækka þarf samræðisaldurinn

Samkvæmt 1. mgr. 202 gr. hgl. er svonefndur kynferðislegur lögaldur á Íslandi aðeins 14 ár. Hann er sá lægsti á Norðurlöndum.

Af þessu leiðir samkvæmt lögunum að kynferðismök við 14 ára unglings með vilja hans og samþykki er refsilaus verknaður en hins vegar er varsla á efni sem sýnir 14 ára unglings í kynferðismökum refsiverð.

Hér er um misræmi að ræða að mati samtakanna þar sem varsla á til dæmis myndum af hugsanlega fullkomlega löglegu athæfi er refsiverð.

Hér með er bent á að eðlilegt og rétt væri að hækka kynferðislegan lögaldur samkvæmt íslenskum lögum til samræmis við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum.

### 5. Lögfesta þarf samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18/1992

Í ofangreindum samningi taka greinar 19 og 34 til verndar barna gegn klámi.

■ 19. gr. 1. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.

□ 2. Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð svo sem lýst hefur verið, svo og ef við á til að tryggja afskipti dómara.

■ 34. gr. Aðildarríki skuldbinda sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skulu þau einkum gera allt sem við á, bæði innanlands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir:

- a) Að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögum kynferðislegri háttsemi.
- b) Að börn séu notuð til vándis eða annarra ólögum kynferðisathafna.
- c) Að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni.

Ljóst er að sú ábyrgð hvílir á stjórnvöldum ríkja að móta stefnu sem tryggir meðal annars að börn njóti verndar og öryggis þegar kemur að Netinu. Stjórnvöld þurfa að breyta löggjöfinni til að mæta nýjum kröfum um vernd barna eftir því sem Netið þróast enn frekar og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Til að uppfylla þessa kröfu telja samtökin að lögfesting Barnasáttmálans yrði til mikilla bóta.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp, þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir. Samþykkt frumvarpsins er nauðsynlegt vegna þeirrar öru þróunar sem hefur orðið á sviði tölvutækni og mikilvægt er að auðvelda lögreglu rannsókn brota þar sem tækni er notuð til að dreifa barnaklámi.

Nauðsynlegt er að tryggja að löggjöf okkar uppfylli ákveðin lágmarsskilyrði um refsí- og réttarfarsúræði til að tryggja sem besta uppljóstrun þessara brota og, eins og áður segir, er umrætt frumvarp skref í rétta átt.

Samtökin vilja leggja áherslu á það að áður en farið er út í lagabreytingar af þessu tagi er mjög mikilvægt að leitað sé ráða hjá sérfræðingum úr tölvugeiranum sem geta veitt samningsmönnum frumvarpsins nákvæmar upplýsingar um tæknilega möguleika tölvunnar og hvernig tölvutæknin virkar í raun og veru.

Virðingafyllst,

*Barnaheill - Save the Children á Íslandi*  
Barnaheill – Save the Children á Íslandi